

Nr. 307

28. mars 2012

AUGLÝSING um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ:

Deiliskipulag Garðahrauns, Dalprýði 9 (9a og 9b).

Breytingin nær til lóðarinna Dalprýði 9 og gerir ráð fyrir því að einbýlishúsalóðin verði parhúsalóð, Dalprýði 9a og 9b, en nýtingarhlutfall, byggingarreitur og hæð haldast óbreytt.

Deiliskipulag Garðahrauns, Hraunprýði 5, 7, 9, 11 og 13.

Breytingin nær til lóðanna Hraunprýði 5, 7, 9 og 11. Tillagan gerir ráð fyrir að lóð nr. 5 stækki úr 865,6 m² í 894,9 m², lóð nr. 7 minnki úr 900,5 m² í 875,2 m², lóð nr. 9 minnki úr 812,6 m² í 789,5 m² og lóð nr. 11 skiptist í tvær parhúsalóðir og stækki úr 835,1 m² í 854,1 m² (450,6 m² + 403,5 m²). Önnur ákvæði deiliskipulagsins er varða lóðirnar eru óbreytt.

Deiliskipulagsbreytingar þessar hafa fengið meðferð sem óverulegar breytingar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingarnar öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 28. mars 2012.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2012